

# Vorfundur 2008

Vorfundur SFA 14.-16. maí 2008

Dagskrá:

Miðvikudagur 14. maí: Ársafn

20:00 Aðalfundur SFA, opið hús í safninu á eftir, léttar veitingar.

Fimmtudagur 15. maí: Mæting í aðalsafn, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15

09:00-09:30 Skoðunarferð um aðalsafn

09:30-09:40 Mæting á fundinn – kaffi í Grófarsal á 6. hæð

09:40-09:50 Fundur settur, dagskráin kynnt og gögn afhent.

09:50-10:10 Ávarp gestgjafa Önnu Torfadóttur borgarbókavarðar

10:10-10:40 Viðburðir – Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, Kristín Viðarsdóttir og Úlfhildur Dagsdóttir verkefnastjórar í Borgarbókasafni

10:40-11:00 Kaffi

11:00-11:15 Artótek - Katrín Guðmundsdóttir verkefnastjóri í Borgarbókasafni

11:15-11:30 Rafræn gögn – Óskar Guðjónsson safnstjóri Ársafns

11:30-11:45 Innri vefur – Guðríður Sigurbjörnsdóttir verkefnastjóri í Borgarbókasafni

11:45-12:15 Bókasafnstækni – Ari Halldórsson kennslustjóri Borgarholtsskóla

12:15 -13:00 Hádegisverður í boði Borgarbókasafns í kaffistofunni Grófarhúsi

13:00-14:00 Bókmenntaganga í miðbænum

14:00 -15:00 Heimsókn í Sólheimasafn og Gerðubergssafn

15:00-15:30 Kaffi í Gerðubergssafni

15:30-17:00 Önnur mál rædd í fundarsal menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi

17:00-20:30 Frjáls tími

20:30-???? Vorfagnaður FÍNA félagsins: "Hriplekt fley í togi!!!"

Veislustjóri: Óskar Guðjónsson safnstjóri

Partý í Kringlusafni með heimatilbúnum skemmtiatriðum og laufléttum veitingum.

Föstudagur 16. maí : Mæting í aðalsafn, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15

09:30-10:00 Vefbókasafn (Fundur fyrir þá er málið varðar)

10:00-10:30 Barnastarfið í Borgarbókasafni - Þorbjörg Karlsdóttir verkefnastjóri í Borgarbókasafni og barnabókaverðirnir Hildur Baldursdóttir, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir Sigrún Jóna Kristjánsdóttir og Sigrún Ása Sigmarsdóttir

10:30-10:50 Kaffi. Leikhópurinn HafSjór flytur tvo örpætti á 1. hæð Grófarhúss

10:50-11:15 Fjölmenning – Kristín Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri í Borgarbókasafni. Guðrún Magnúsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur aðalsafni Borgarbókasafns flytur erindið í fjarveru Kristínar

11:15-11:30 Bókin heim – Herdís Þórisdóttir fyrrverandi starfsmaður Borgarbókasafns og núverandi bókasafns- og upplýsingafræðinemi

11:30-11:45 Blindrabókasafn Íslands – Þóra Sigríður Ingólfsdóttir forstöðumaður

12:00 Hátíðarhádegisverður í boði borgarstjórans í Reykjavík í Höfða

Kl. 14 Viðeyjarferð.

Eyjan skoðuð undir leiðsögn séra Þóris Stephensen, sem er manna kunnugastur um Viðey.

Kl. 16 Siglt til baka.

**Fundargerð:**

## Fimmtudagur 15. maí

### Setning fundarins

Erla Kristín Jónasdóttir byrjaði á að bjóða gesti velkomna á aðalsafn og gaf Áslaugu Óttarsdóttur orðið. Áslaug kynnti dagskrána og sagði að áhersla hefði verið lögð á að kynna sem flest útibú Borgarbókasafns fyrir gestum og því væri dagskráin dreifð um söfnin.

Lilja Ólafsdóttir tók síðan við fundarstjórn. Hún bað fundargesti um að kynna sig og kynnti svo fyrsta lið á dagskrá.

### Ávarp Önnu Torfadóttur

Anna þakkaði fyrir SFA fundina síðastliðin ár og talaði um að dagskráin snérist að mestu um Borgarbókasafn. Megininntakið í ávarpi Önnu var að almenningsbókasöfn væru gamalgróin en samt sem áður ung og svöl og á útopnu um þessar mundir. Anna talaði um að þörf væri á að endurskilgreina almenningsbókasöfnin og hlutverk þeirra og nauðsynlegt væri að fylgjast með öðrum án þess að gleypa allt hrátt. Anna ræddi um hugtakið "bókasafn" og hvort þörf væri á að breyta því. Henni niðurstaða var sú að orðið væri þekkt, gott og gilt vörumerki sem óþarfi væri að hrófla við.

### Viðburðir – Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, Kristín Viðarsdóttir og Úlfhildur Dagsdóttir

Kristín útskýrði hugtakið ljóðaslamm og sagði frá ljóðaslamminu sem haldið var í fyrsta skipti á aðalsafni á Vetrarhátíð í Reykjavík 2008.

Ingibjörg sagði frá menningarmótt og dagskrá Borgarbókasafns í gegnum árin.

Úlfhildur sagði frá bókmenntagöngum safnsins sem hafa staðið frá árinu 2003.

### Spurningar

Sp.: Hvernig er bókmenntagöngunum komið á framfæri?

Sv.: Á heimasíðu, í útvarpi, í söfnunum, fréttatilkynningar, hverfablöðum

Sp.: Umgjörð ljóðaslamsins, hver sá um hana?

Sv.: Sviðið var leigt frá Exton, hljóðkerfi er í eigu BBS, upptökumenn voru fengnir til að taka upp. Áhersla var lögð á að gera þetta faglega og fyrir vikið var þetta svolítið dýrt.

Sp.: Vitið þið hvað myndskreiðin geta verið löng á YouTube?

Sv.: Nei

Sp.: Hvernig gengur að fjármagna viðburðina?

Sv.: Einn heildarpottur sem skipt er á milli viðburða.

Sp.: Myndirnar sem teknar voru á ljóðaslamminu, eru þær á heimasíðunni ykkar?

Sv.: Ekki allar, aðeins vel valdar.

Ábending úr sal: á mínu safni sendum við boðskort á alla viðburði og stækkar hópur þeirra sem fær boðskort stöðugt.

Sp.: Hver sér um alla þessa „flottu“ útgáfu á vegum BBS?

Sv.: Fjölhæft starfsfólk, auglýsingaskrifstofa og aðrir.

Sp.: Hefur ykkur dottið í hug að hafa göngur sem snúast ekki um bókmenntir, t.d.

arkitektúrgöngur, skruðgarðagöngur o.s.frv.?

Sv.: Menningarstofnanir sjá svokallaðar um „Kvosargöngur“ sem eru fjölbreyttar göngur sem tengjast starfsemi stofnana.

### Artótek – Katrín Guðmundsdóttir

Katrín sagði frá opnun Artóteksins á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst 2004. Starf Artóteksins byggir á samstarfi á milli SÍM og BBS. Katrín sagði frá fyrirkomulagi Artóteksins og starfsemi þess.

Sp.: Hvað eru lánuð mörg verk út?

Sv.: Voru um 100 árið 2007.

Sp.: Hversu stór hluti selst af verkunum?

Sv.: 70-80%

Sp.: Hversu mikill áhugi er hjá myndlistarmönnum?

Sv.: Þetta eru allt félagsmenn SÍM og hafa þeir ýmist samband eða við bendum þeim á Artótekið.

### **Rafræn gögn** – Óskar Guðjónsson

Óskar sagði frá verkefni sem hann hefur unnið að sem felst í því að kanna aðgang að rafrænu efni á netinu. Hann talaði um [www.overdrive.com](http://www.overdrive.com) sem þjónustar almenningsbókasöfn. Overdrive býður upp á bækur, tónlist og kvikmyndir á rafrænu formi.

Sp.: Er markmiðið að hafa íslenskar bækur líka?

Sv.: Já.

### **Bókasafnstækni** - Ari Halldórsson og Kristján Ari Árnason

Kristján Ari sagði frá tilurð bókasafnstækninámsins sem var aðallega skortur á fagmenntuðu fjöltækniþólki í upplýsinga- eða bókasafnsgeiranum. Boðið var upp á námið fyrst í ársbyrjun 2002. Nú hafa á milli 40-50 manns útskrifast. Gengið mjög vel, velmenntað fólk með góðan grunn í tæknilegri meðferð upplýsinga. Til stendur að breyta heitinu á náminu og gráðunni sem af því hlýst í samstarfi við Starfsgreinasambandið.

Ari sagði frá fyrirkomulagi námsins sem er blanda af staðbundnu námi og dreifnámi og fór yfir helstu námskeið. Námið er mjög fjölbreytt og mikil áhersla lögð á tæknivinnu.

Sp.: Er lágmark sem fólk þarf að taka?

Sv.: Nei, ekki nema fólk ætli að útskrifast sem bókasafnstæknar.

Sp.: Hefur komið til greina að hafa þetta bara fjarnám?

Sv.: Nei, hins vegar eru ýmsir kostir í stöðunni, t.d. geta kennarar komið út á land.

## **Föstudagur 16. maí**

### **Barnastarf í Borgarbókasafni** – Þorbjörg Karlsdóttir, Hildur Baldursdóttir, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, Sigrún Jóna Kristjánsdóttir og Sigrún Ása Sigmarsdóttir.

Þorbjörg reið á vaðið og talaði m.a. um það að nauðsynlegt væri fyrir bókaverði á almenningsöfnum að geta sinnt barnastarfi. Hún sagði frá Bókaverðlaunum barnanna og stakk upp á að stærri söfnin dreifðu plakötunum á minni söfn í sínu sveitarfélagi, s.s. á skólasöfnin. Markmið verðlaunanna er að 10.000 börn taki þátt í vali á bók/bókum ársins. Þorbjörg sagði síðan frá bókakoffortunum og barnasunnudögum í aðalsafni og loks frá „bók handa barni“. Hólmfríður tók síðan við og sagði frá sumarlestri á söfnunum og hvernig hann er kynntur. Sigrún Jóna sagði frá sögustundum í Sólheimasafni og fyrirkomulagi þeirra, leikskólabörn, fyrstubekkingar og börn úr frístundaheimilum koma í þessar skipulögðu sögustundir. Sigrún Jóna sagði einnig frá sögubílum Æringja. Sigrún Ása sagði frá starfi með unglingum, samstarfi við skólasöfnin og bókakistum. Vegna tímaskorts sleppti Hildur sínu erindi.

### **Fjölmennig** – Guðrún Magnúsdóttir í stað Kristínar R. Vilhjálmsdóttur

Guðrún sagði frá Kristínu og starfi hennar í grunnskólanum í Silkeborg og fjölmenningarstarfi hennar hér.

### **Bókin heim** – Herdís Þórisdóttir

Herdís sagði frá BA verkefni sínu sem fjallaði um „Bókina heim“ á Íslandi og erlendis. Hennar niðurstaða er sú að þrátt fyrir fjölgun eldri borgara hefur þessi þjónusta ekki aukist og er helsta ástæðan sú að þjónusta þessi er illa markaðssett. Í rannsókn hennar kom einnig í ljós að verklag er mismunandi eftir söfnun og njóta lánþegar mismunandi þjónustu.

### **Blindrabókasafn Íslands** – Þóra Sigríður Ingólfsdóttir

Þóra sagði frá nýjungum á safninu og áformum um að breyta ásýnd þess og þjónustu. Þjónusta þess verður endurskilgreind, heiti þess verður breytt og nýtt lógó tekið í notkun. Þóra sagði frá fyrirhugaðri útgáfu á hljóðbókum sem einungis verða seldar til bókasafna og ítrekaði að samstarf við önnur söfn væri æskilegt.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, ritaði fundargerð.

## **Fimmtudaginn 15. maí kl. 15.30**

framhald fundnr í Gerðubergi

## Önnur mál

### 1. Bækur og móðurmál

Margrét I. Ásgeirsdóttir hóf umræðuna. Selfoss hefur fengið styrk til að skrá pólskar bækur en útlánin eru mikil og þau sjá einnig um að senda bækurnar víða um land. Það starf er orðið mjög viðamiklegt og leggur hún því til að móðursafn sé sett upp í hverjum landshluta. Sérstaklega vanti móðursafn á vesturlandi og norðurlandi. MÍA skorar á SFA að hrinda þessu í framkvæmd.

Hólmkell Hreinsson er ósammála því að hafa pólsk söfn út um allt land. Kostnaðurinn við það sé sá sami og að senda bækur á milli. Hann leggur til að hafa móðursafn fyrir erlend tungumál og skapa þannig þekkingu um ákveðin tungumál. Sveitarfélögin hafi ekki bolmagn fyrir þetta og þó Akureyri sé stórt safn hafi það ekki forsendur fyrir þessa vinnu.

Erla Kristín Jónasdóttir benti á að flæðið af erlendu fólki sé mikið og hafði efasemdir um að hægt væri að byggja upp fjölbreyttan bókakost. Sagði að Borgarbókasafnið vildi leggja áherslu á fjölmenningu innan safnsins. Og að söfnin verði nokkurs konar "meeting place".

Hulda Björk Þorkelsdóttir er óánægð með verkefnið Bækur og móðurmál og að því miður verði hvert safn að sjá um sig sjálft. Sagði að verkefnið hefði orðið til út af neyð og það virtist sem að sumt af því sem SFA tæki sér fyrir hendur gufaði upp, það var eins og að þau hefðu ekki úthald í verkefnið. Mörg vandamál séu líka vegna hælisleitenda þar sem gæta verður þess hvað megi kaupa og hvað ekki, vegna trúarbragða og þess háttar. Hvetur hún til fundar um þessi mál í haust í tengslum við landsfund. MÍA tekur að sér að húa saman fólki.

### 2. Kaup á þjónustu

Pálína Magnúsdóttir varpaði fram þeirri hugmynd hvort hægt væri að kaupa ákveðna þjónustu af t.d. Borgarbókasafni. Það safn væri með ýmislegt í gangi sem gaman væri að útvíkka í næstu sveitarfélög. En bókasöfnin þar væru lítil og hefðu lítið fjármagn og lítinn mannafla til að koma af stað ýmsum verkefnum. Nefndi hún bókmenntagöngur sem dæmi. EKJ tók vel í að ræða þetta. Barbara Guðnadóttir kom með þá hugmynd að víkka út ljóðaslammið á landsvísu.

### 3. Vefbókasafnið

HBP óskaði eftir að fulltrúar frá hverju safni mættu á vefbókasafnsfundinn föstudaginn 16. maí.